



Lána'sjóður
sveitarfélagið ohf.

Samandreginn árshlutareikningur 30. júní 2026



Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10-28

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánaþyrfti í eigu íslenskra sveitarfélaga sem starfar samkvæmt lögum um sjóðinn nr. 150/2006, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, lögum um fjármálaþyrfti nr. 161/2002 og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Meginhlutverk sjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum aðgang að lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóðurinn gefur út skuldabréf sem hafa verið tekin til viðskipta í kauphöll Nasdaq Iceland hf., og er viðskiptavakt með hluta bréfanna.

Afkoma og efnahagur

Hagnaður sjóðsins á fyrstu sex mánuðum ársins 2026 nam 1.299 m.kr. samanborið við 1.137 m.kr. á sama tímabili árið áður. Aukning hagnaðar skýrist einkum af betri ávöxtun eigin fjár og fjáreigna. Hreinar vaxtatekjur námu 804 m.kr. og almennur rekstrarkostnaður 163 m.kr. á tímabilinu. Meðalfjöldi starfsfólks var þrír líkt og á fyrra ári.

Heildareignir sjóðsins námu 239 ma.kr. í lok tímabilsins samanborið við 229 ma.kr. í árslok 2025. Útlán og kröfur á viðskiptavinum námu 221 ma.kr. og jukust um 9,1 ma.kr. frá áramótum. Eigið fé sjóðsins nam 28,2 ma.kr. og hækkaði um tæp 5% á tímabilinu. Á aðalfundi sjóðsins í mars 2026 var ákveðið að greiða ekki arð vegna rekstrarársins 2025 til að styrkja eiginfjárstöðu sjóðsins.

Á tímabilinu veitti sjóðurinn ný útlán að fjárhæð 10,2 ma.kr. og hélt sex útboð í skuldabréfaflokkunum LSS390303 og LSS151155. Heildarsöluvirði útboða nam 7,9 ma.kr. Í lok tímabilsins nam útgefið nafnverð skuldabréfaflokksins LSS390303 48,5 ma.kr. og LSS151155 40,4 ma.kr.

Lánasjóðurinn hefur einnig lagt áherslu á græna fjármögnun sveitarfélaga. Heildarútgefið nafnverð í græna skuldabréfaflokknum LSS040440 GB nam 7,4 ma.kr. í lok tímabilsins. Á tímabilinu gaf sjóðurinn út framvinduskýrslu grænna útlána þar sem gerð er grein fyrir umhverfislegum ávinningi fjármagnaðra verkefna.

Hluthafar sjóðsins voru 61 í lok tímabilsins og var sjóðurinn áfram að fullu í eigu íslenskra sveitarfélaga. Reykjavíkurborg var stærsti hluthafinn með 17,5% eignarhlut, en samtals eiga 10 stærstu hluthafar sjóðsins 56% eignarhlut í sjóðnum.

Nánari sundurliðun hluthafa sjóðsins má finna í skýringu 31.

Áhættupættir

Eiginfjárlutfall

Fjárhagsstaða Lánasjóðsins er sterk. Vegið eiginfjárlutfall sjóðsins var 361% í lok tímabilsins með nýtingu mildunarákvæðis vegna veða í tekjum sveitarfélaga, samanborið við 320% í árslok 2025. Án mildunar nam eiginfjárlutfallið 54,9%. Eiginfjárstaða sjóðsins er því verulega umfram lögbundnar eiginfjárröfur.

Útlánaáhætta

Útlánaáhætta sjóðsins er bundin við sveitarfélög, stofnanir þeirra og fyrirtæki í þeirra eigu. Öll langtímalán sjóðsins eru tryggð með veði í tekjum sveitarfélaga og engin vanskil voru til staðar í lok tímabilsins. Stjórn telur útlánaáhattu sjóðsins áfram takmarkaða í ljósi lögbundinnar stöðu sveitarfélaga og þeirra trygginga sem liggja að baki útlánunum sjóðsins.

Lausafjáráhætta

Lausafjárstaða sjóðsins var mjög sterk í lok tímabilsins og lausafjárlutfall nam 5.901%, sem er langt umfram lögbundið lágmark. Stjórn telur sjóðinn því hafa nægilegt svigrúm til að mæta skuldbindingum sínum og þeim áhættuþáttum sem tengjast starfsemi hans.

Nánari umfjöllun um áhættustýringu sjóðsins er að finna í skýringu 4.

Efnahagsþættir

Efnahagsumhverfið á tímabilinu einkenndist áfram af þrálátri verðbólgu og háu vaxtastigi. Verðbólga mældist 5,2% í lok tímabilsins og stýrivextir Seðlabankans voru 7,75%.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Efnahagsþættir, frh.

Háir vextir hafa áhrif á fjármögnunarkjör á skuldabréfamarkaði og þar með á fjármögnunarkostnað Lánasjóðsins. Hærri ávöxtunarkrafa á löngum ríkisskuldabréfum hefur jafnframt skilað sér í hærri ávöxtunarkröfu á skuldabréfaflokkum sjóðsins og þar af leiðandi hærri útlánavöxtum á ný lán til sveitarfélaga.

Þrátt fyrir krefjandi aðstæður á fjármálamarkaði voru útlán sjóðsins á tímabilinu í samræmi við áætlanir. Rekstrarstaða sveitarfélaga hefur jafnframt batnað á undanförunum árum, þótt skuldir og launakostnaður hafi áfram farið vaxandi. Stjórn fylgist áfram náið með þróun verðbólgu, vaxta og aðstæðna á fjármálamörkuðum þar sem þeir þættir geta haft áhrif á fjármögnunarkjör sjóðsins og sveitarfélaga á komandi misserum.

Á síðari helmingi ársins 2026 gerir stjórn ráð fyrir að útlán til sveitarfélaga haldi áfram að vaxa í takt við fjárfestingaráætlanir þeirra, og að sjóðurinn muni sækja frekari fjármögnun á skuldabréfamarkaði. Þrátt fyrir hærri fjármögnunarkostnað vegna núverandi vaxtastigs er sterk eiginfjárstaða sjóðsins talin tryggja svigrúm til að mæta þeirri óvissu sem ríkir í ytra umhverfi, án þess að það hafi veruleg áhrif á getu sjóðsins til að sinna meginhlutverki sínu.

Nánari umfjöllun um efnahagsþætti er að finna í skýringu 3.

Stjórnarhættir

Stjórn Lánasjóðsins fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út árið 2021 af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Hluthafafundur skipar tilnefningarnefnd sem hefur það hlutverk að tilnefna einstaklinga til stjórnarstarfa og stuðla að fjölbreyttri þekkingu, reynslu og hæfni í stjórn sjóðsins.

Í stjórn sjóðsins sitja fimm aðalmenn og uppfyllir kynjahlutfall stjórnar lögbundnar kröfur. Stjórn ber ábyrgð á virku innra eftirliti, áhættustýringu og reikningsskilum sjóðsins. Endurskoðunarnefnd starfar á vegum stjórnar og hefur eftirlit með gerð reikningsskila, áhættustýringu og störfum ytri endurskoðanda.

Áritun og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samandreginn árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. vegna fyrstu sex mánaða ársins 2026 er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu, ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og ákvæði reglna þar að lútandi.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra gefur samandreginn árshlutareikningur sjóðsins glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2026 og rekstrarafkomu sjóðsins vegna fyrstu sex mánaða ársins 2026.

Jafnframt telja stjórn og framkvæmdastjóri að yfirlit þetta í skýrslu stjórnar gefi glögga mynd af helstu atburðum á tímabilinu og áhrifum þeirra á árshlutareikninginn, sem og þeirri áhættu og óvissu sem sjóðurinn stendur frammi fyrir á komandi mánuðum.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning sjóðsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2026 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. ágúst 2026

Kristinn Jónasson, stjórnarformaður
Fannar Jónasson
Guðmundur Baldvin Guðmundsson, varaformaður
Halldóra Káradóttir
Íris Róbertsdóttir

Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34, ákvæði ársreikningslaga nr. 3/2006, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og ákvæði reglna þar að lútandi. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 "Árshlutareikningar".

Reykjavík, 20. ágúst 2026

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2026

	Skýr.	1.1.-30.6.2026	1.1.-30.6.2025
Vaxtatekjur og verðbætur		11.275	7.794
Vaxtagjöld og verðbætur		(10.471)	(7.033)
Hreinar vaxtatekjur	5	804	761
Hreinar tekjur af fjáreignum tilskildum á gangvirði	6	685	624
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	7	(23)	(86)
Hreinn gjaldeyrismunur	8	(3)	(6)
Virðisrýrnun útlána til viðskiptavina	16	(2)	(1)
Aðrar rekstrartekjur		657	532
Rekstrartekjur samtals		1.462	1.293
Laun og launatengd gjöld	9	61	60
Kostnaður vegna verðbréfaútgáfu	10	41	39
Árgjöld og eftirlitsgjöld FME		13	12
Annar rekstrarkostnaður	11	48	46
Almennur rekstrarkostnaður		163	156
Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins		1.299	1.137
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	12	0,26	0,23

Skýringar á blaðsíðum 10 til 28 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi sjóðsins.

Efnahagsreikningur 30. júní 2026

	Skýr.	30.6.2026	31.12.2025
Eignir			
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	13	9.989	8.273
Markaðsverðbréf og skuldabréf	14	7.663	7.220
Útlán og kröfur á lánastofnanir	15	276	1.628
Útlán og kröfur á viðskiptavini	16	220.673	211.558
Rekstrarfjármunir	17	64	64
Aðrar eignir	18	46	39
Eignir samtals		238.710	228.782
Skuldir			
Verðbréfaútgáfa	21	203.207	195.339
Aðrar langtímalántökur	22	6.305	6.161
Afleiðusamningar	24	331	204
Skammtímalántökur	25	492	0
Lífeyrisskuldbinding	26	148	152
Aðrar skuldir	27	16	16
Skuldir samtals		210.501	201.872
Eigið fé			
Hlutfé		5.000	5.000
Bundinn varasjóður		1.520	1.442
Óráðstafað eigið fé		21.689	20.468
Eigið fé samtals	28	28.209	26.910
Skuldir og eigið fé samtals		238.710	228.782

Skýringar á blaðsíðum 10 til 28 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi sjóðsins.

Eiginfjárfirlit 1. janúar til 30. júní 2026

	Hlutfé	*Bundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 2026				
Eigið fé 1. janúar	5.000	1.442	20.468	26.910
Hagn. og heildarafk. tímabilsins			1.299	1.299
Bundin óinnleyst gangvirðisbr.		79	(79)	0
Eigið fé 30. júní	5.000	1.520	21.689	28.209
Breytingar á eigin fé 2025				
Eigið fé 1. janúar	5.000	1.328	18.466	24.793
Hagnaður janúar - júní			1.137	1.137
Bundin óinnleyst gangvirðisbr.		68	(68)	0
Eigið fé 30. júní	5.000	1.395	19.535	25.930
Hagnaður júlí - desember			979	979
Bundin óinnleyst gangvirðisbr.		47	(47)	0
Eigið fé 31. desember	5.000	1.442	20.468	26.910

* Bundinn varasjóður samanstendur af lögbundnum varasjóði og bundinni óinnleystri gangvirðisbreytingu. Samkvæmt lögum um ársreikninga ber að binda eigið fé vegna óinnleystra gangvirðisbreytinga sem takmarka möguleika til arðgreiðslu. Sjá nánar í skýringu 28.

Skýringar á blaðsíðum 10 til 28 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi sjóðsins.

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2026

	Skýr.	1.1.-30.6.2026	1.1.-30.6.2025
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		1.299	1.137
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Hreinar vaxtatekjur		(804)	(761)
Verðbætur, gengismunur og áfallnir vextir	16, 21	(175)	407
Afföll, lántökugjald og lántökupóknun skuldabréfa	16, 21	(218)	(304)
Gangvirðisbreytingar útlána og krafna til viðskiptavina	19	23	86
Gangvirðisbreytingar afleiða	19	(24)	(86)
Lagt í virðisrýmunarsjóð skv. IFRS 9	16	2	1
Afskriftir	17	1	1
		(1.195)	(657)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Veitt útlán og kröfur til viðskiptavina		(10.200)	(9.422)
Innheimt útlán og kröfur til viðskiptavina		8.724	7.672
Verðbréfaútgáfa og önnur langtímalántaka		7.943	9.441
Afborganir verðbréfaútgáfu og annarra langtímalána		(7.497)	(6.435)
Breytingar á ríkisskuldabréfum og ríkisvixlum		(1.900)	(613)
Breytingar á markaðsverðbréfum og skuldabréfum		(443)	(1.164)
Breytingar á veittum skammtímalánum		540	57
Breytingar á teknum skammtímalánum		491	(57)
Breytingar á lífeyrisskuldbindingu		(4)	(3)
Breytingar á öðrum eignum		(6)	(6)
Breytingar á öðrum skuldum		1	0
		(2.350)	(530)
Innheimtir vextir		3.663	2.563
Greiddir vextir		(2.781)	(2.606)
		882	(43)
Handbært fé frá (til) rekstrar		(1.364)	(92)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		12	1
Handbært fé í ársbyrjun		1.628	558
Handbært fé í lok tímabils		276	466
Sundurliðun handbærs fjár			
Útlán og kröfur á lánastofnanir		276	466
		276	466

Skýringar á blaðsíðum 10 til 28 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi sjóðsins.

Skýringar

1 Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánaþyrftæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálaþyrftæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, Reykjavík.

Hlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem tekin eru til viðskipta í kauphöll Nasdaq Iceland hf. og er viðskiptavakt með stærsta hluta bréfanna.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti árs hlutareiknings sjóðsins þann 20. ágúst 2026.

2 Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er jafnframt gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um fjármálaþyrftæki nr. 161/2002 og reglur um reikningsskil lánastofnana nr. 834/2003.

Samandreginn árshlutareikningur inniheldur ekki jafn ítarlegar upplýsingar eins og krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa hann með hliðsjón af ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2025. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef sjóðsins www.lanasjodur.is, sem og á vef NASDAQ Iceland hf., www.nasdaqomxnordic.com.

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð árshlutareiknings sjóðsins fyrir árið 2025.

2.1 Rekstrarhæfi

Stjórn Lánasjóðsins hefur lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi sjóðsins og hefur eðlilegar væntingar um að sjóðurinn hafi fullnægjandi burði til áframhaldandi reksturs. Árshlutareikningur Lánasjóðsins er því gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

2.2 Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda í árshlutareikningnum. Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrif breytinga á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á. Í árshlutareikningi Lánasjóðs sveitarfélaga eru engir verulegir liðir sem eru háðir mati stjórnenda og geta haft veruleg áhrif á niðurstöðu reikningsskilanna.

3 Efnahagsleg áhrif

3.1 Almenn efnahagsleg áhrif

Árið hefur einkennt af þrálátri verðbólgu og háu vaxtastigi og fá merki eru enn sem komið er um að verðbólga sé að fara að hjaðna. Verðbólgan var 4,5% í lok síðasta árs, hækkaði í byrjun árs og náði hámarki í mars þegar hún mældist 5,4%. Í lok tímabils mældist verðbólgan 5,2%.

Seðlabanki Íslands hækkaði stýrivexti á tímabilinu. Vextirnir voru 7,75% í lok tímabils samanborið við 7,25% í lok síðasta árs. Háir stýrivextir styðja við áframhaldandi háar ávöxtunarkröfur á skuldabréfamarkaði. Ávöxtunarkrafa RIKS 33 hækkaði í 2,92% í lok tímabils, en var 2,73% í lok árs 2025. Ávöxtunarkrafa LSS 39 hækkaði í 3,66% í lok tímabils, en var 3,51% í lok síðasta árs. Álag á bréf Lánasjóðsins gagnvart sambærilegu ríkisbréfi lækkaði í 74 punkta úr 78 punktum.

3.2 Áhrif á sveitarfélögin

Á síðasta kjörtímabili, 2022–2025, styrktist fjárhagsstaða sveitarfélaganna að ýmsu leyti. Tekjur jukust verulega og rekstrarafkoma batnaði úr halla í jákvæða niðurstöðu. Jafnframt var haldið áfram að fjárfesta í innviðum og þjónustu, á sama tíma og bæði skuldir og launakostnaður jukust samhliða auknum umsvifum í rekstri sveitarfélaganna. Há verðbólga og hátt vaxtastig hafa jafnframt aukið rekstrar- og fjármagnskostnað sveitarfélaga.

3.2 Áhrif á sveitarfélögin, frh.

Tekjur A-hluta sveitarfélaganna hækkuðu úr 461 ma.kr. árið 2022 í 618 ma.kr. árið 2025, eða um 34%. Á sama tíma jukust laun og launatengd gjöld úr 255 ma.kr. í 326 ma.kr. Rekstrarniðurstaða batnaði úr 21 ma.kr. halla árið 2022 í jákvæða afkomu árin 2024 og 2025 og veltufé frá rekstri jókst úr 4% í 8% af tekjum.

Heildarskuldir jukust úr 527 ma.kr. í 668 ma.kr. og skuldir á íbúa úr um 1,4 m.kr. í 1,7 m.kr. Þrátt fyrir það lækkaði skuldahlutfallið úr 114% í 108%, sem bendir til að tekjur hafi vaxið hraðar en skuldir. Fjárfestingar voru áfram miklar og ný langtímalán að jafnaði hærri en afborganir skulda á tímabilinu.

3.3 Áhrif og aðgerðir Lánasjóðsins

Útlán til sveitarfélaga voru 10,2 ma.kr. á tímabilinu. Útgáfuáætlun sjóðsins gerði ráð fyrir 18–22 ma.kr. útgáfu til fjármögnunar útlána, en heildarsöluvirði útboða og annarrar lántöku varð 7,9 ma.kr. á tímabilinu. Lægri útgáfa samanborið við veitt útlán skýrist af hærri birgðastöðu útlánalagers í lok síðasta árs.

Fjárhagsstaða Lánasjóðsins er sterk. Vegið eiginfjárhlutfall með nýtingu mildunar er 361% miðað við stöðu útlána í lok tímabils, samanborið við 320% í árslok 2025. Án mildunar er hlutfallið 54,9%, samanborið við 53,8% í árslok 2025. *Sjá nánar í skýringu 28.*

3.4 Mat á væntu útlánatapi

Það er mat stjórnenda Lánasjóðsins að ekki sé ástæða til breyta mati á væntu útlánatapi sökum fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í lögum til að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Einnig er ljóst í samræmi við 71. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að sveitarfélög verða ekki tekin til gjaldþrotaskipta. Þrátt fyrir óvissu í tekjugrunni sveitarfélaga þá nægir það ekki til að uppfylla þær skilgreiningar sem lagðar eru til grundvallar tilfærslu á milli þrepa við mat á væntu útlánatapi. Öll útlán og kröfur til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu falla undir þrep 1 og er niðurfærslan metin út frá 12 mánaða væntu útlánatapi þar sem engin aukning hefur átt sér stað í útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu.

4 Áhættustýring

Sem lánaþyrftaki stendur Lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar Lánasjóðsins er að tryggja að sjóðurinn standi af sér alla þá atburði sem hent geta í umhverfi hans.

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra, hins vegar. Markmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindum aðilum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins, en áhættuþættir eins og lausafjárahætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfseminni. Markaðsáhætta er haldið í lágmarki, en hún er þó meðal annars til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

4.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta Lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum þeirra. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs, sem ábyrgjast skuldbindingar þeirra gagnvart sjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru um aðkomu ríkisvaldsins lendi sveitarfélag í fjárhagserfiðleikum, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sveitarfélögin hafa reynt traustir greiðendur og hefur aldrei komið til afskriftar vegna lána til sveitarfélaga eða félaga í þeirra eigu frá stofnun sjóðsins 1967. Öll útlán og kröfur til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu falla undir þrep 1 við mat á niðurfærslu samkvæmt virðisrýrnunarlíkani vænts útlánataps IFRS 9.

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Lánasjóðurinn hefur sett það sem skilyrði fyrir lánveitingu að slíkt veð sé veitt. Í lok tímabils eru öll langtímalán til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með veð í tekjum sveitarfélaga.

Fjárhæð útlánaáhættu sem til verður með veitingu útlána kemur fram í bókfærðu virði safnsins í efnahagsreikningi. Lánasjóðurinn fer yfir allar lánsúmsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrgðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál eru lögð fyrir stjórn, annað hvort til ákvörðunar eða kynningar.

4.1 Útlánaáhhætta, frh.

Stórar áhættuskuldbindingar

Lánasjóðurinn heldur utan um stöðu stórra áhættuskuldbindinga bæði fyrir og eftir beitingu áhættumildandi þátta. Í lok tímabils voru 18 stórar áhættuskuldbindingar hjá sjóðnum áður en mildun er reiknuð, sem er sami fjöldi og í lok árs 2025. Eftir beitingu hefðbundinna mildunarpátta eru sex áhættuskuldbindingar, samanborið við sjö í árslok 2025. Vegna lögbundinnar sérstöðu nýtir sjóðurinn mildunarákvæði um lán til sveitarfélaga sem tryggð eru með veði í tekjum þeirra, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 835/2012. Við beitingu þess ákvæðis fá umræddar skuldbindingar, að því marki sem veð eru fyrir hendi, sömu áhættuvog og íslenska ríkið, þ.e. 0% fyrir lán í íslenskum krónum. Að teknu tilliti til þeirrar mildunar voru engar stórar áhættuskuldbindingar hjá sjóðnum í lok tímabils.

4.1.1 Áhætta vegna samningsskuldbindinga

Lánasjóðurinn hefur tryggingar fyrir lánveitingum sínum til sveitarfélaga og ábyrgðum sem þau veita, en sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í sveitarstjórnarlögum til að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Samningsskuldbindingar Lánasjóðsins eru því tryggðar af sveitarfélögunum og felst áhættan einkum í að sveitarfélögin sjálf lendi í greiðsluferðileikum. Mótaðilaáhhætta utan útlánaáhhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans sem og innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Mótaðilaáhhætta á erlendar fjármálastofnanir er sérstaklega tekin fyrir af stjórn.

4.1.2 Mótaðilaáhhætta

Lánasjóðurinn hefur eftirlit með mótaðilaáhhættu. Fylgst er reglulega með stöðu lána og vanskila. Á árinu hefur ekki komið til þess að sjóðurinn beitti veði sínu í tekjum sveitarfélaga en sjóðurinn hefur einu sinni þurft að beita veði sínu, en það var gert árið 2010. Engin vanskil eru hjá sjóðnum í lok tímabils.

Eftirfarandi tafla sýnir mestu mögulegu mótaðilaáhhættu sjóðsins.

	30.6.2026	31.12.2025
Útlán og kröfur á lánastofnanir	276	1.628
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	220.673	211.558
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	9.989	8.273
Markaðsverðubréf og skuldabréf	7.663	7.220
Samtals mótaðilaáhhætta	238.601	228.678

4.2 Lausafjár- og fjármögnunaráhhætta

Lausafjáráhhætta er hættan á að Lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er stórum hluta eigin fjár sjóðsins haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika. Lánasjóðurinn mælir, reiknar og fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta örugglega endurgreitt allar skuldir sínar á gjalddaga. Eftirfarandi töflur sýna greiðslufæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir miðað við samningsbundnar greiðslur.

Staða 30.6.2026	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Ríkissk.br. og ríkisvixlar	3.450	4.563	719	1.498		10.230
Markaðsverðubr. og sk.br.		529	3.630	3.867		8.026
Útlán og kröfur á lánast.	276					276
Útlán og kröfur á viðsk.v.	194	5.270	20.488	97.390	144.709	268.051
Afleiðusamningar			56	1.876		1.932
Fjáreignir samtals	3.919	10.362	24.893	104.632	144.709	288.515
Verðbréfaútgáfa		2.680	18.531	85.554	138.688	245.452
Aðrar langtímalántökur	493		219	2.842	4.222	7.775
Afleiðusamningar				2.266		2.266
Fjárskuldir samtals	493	2.680	18.750	90.661	142.910	255.493
Nettó eignir - skuldir	3.427	7.682	6.142	13.970	1.799	33.021

4.2 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta, frh.

Staða 31.12.2025	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Ríkissk.br. og ríkisvixlar		4.548	1.505	2.495		8.547
Markaðsverðbr. og sk.br.		377	3.458	3.877		7.712
Útlán og kröfur á lánast.	1.628					1.628
Útlán og kröfur á viðsk.v.	1.200	4.426	19.271	91.070	139.676	255.644
Afleiðusamningar			38	1.919		1.957
Fjáreignir samtals	2.828	9.351	24.271	99.361	139.676	275.488
Verðbréfaútgáfa		2.300	17.485	79.955	135.802	235.542
Aðrar langtímalántökur			289	2.871	4.082	7.242
Afleiðusamningar				2.179		2.179
Fjárskuldir samtals	0	2.300	17.774	85.005	139.884	244.963
Nettó eignir - skuldir	2.828	7.052	6.497	14.355	(208)	30.525

4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta

Varðandi vaxtaáhættu er stefna sjóðsins að halda jafnvægi milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum. Fjárhæðirnar eru flokkaðar út frá dagsetningu samningsbundinnar endurverðlagningar eða gjalddaga, hvort sem fyrr gerist.

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 30.6.2026 eftir vaxtabindingartíma

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
ISK verðtryggt	28.546	75.011	66.229	48.958	218.744
ISK óverðtryggt	13.764	5.051			18.814
Erlendar eignir	2.318	223	223		2.763
Fjáreignir samtals	44.628	80.284	66.452	48.958	240.321
ISK verðtryggt	17.480	70.988	66.801	49.207	204.476
ISK óverðtryggt	1.085	3.890			4.974
Erlendar skuldir	2.167	227	227		2.621
Fjárskuldir samtals	20.732	75.105	67.028	49.207	212.072
Nettó eignir - skuldir	23.895	5.179	(576)	(249)	28.249

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 31.12.2025 eftir vaxtabindingartíma

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
ISK verðtryggt	31.059	69.516	66.059	46.597	213.231
ISK óverðtryggt	6.197	8.225			14.422
Erlendar eignir	2.387	229	229		2.845
Fjáreignir samtals	39.644	77.970	66.288	46.597	230.498
ISK verðtryggt	16.331	66.412	66.934	46.679	196.357
ISK óverðtryggt		4.442			4.442
Erlendar skuldir	2.225	227	227		2.679
Fjárskuldir samtals	18.556	71.081	67.161	46.679	203.478
Nettó eignir - skuldir	21.087	6.888	(873)	(81)	27.021

4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta, frh.

Vaxtanæmi

Greining á nettóvaxtanæmi í lok tímabils, miðað við meðaltalslíftíma eigna og skulda, sýnir að 1 prósentustigs hækkun vaxta myndi lækka hreinar vaxtatekjur Lánasjóðsins um 119 m.kr. á ársgrundvelli, sem samsvarar 0,42% af eigin fé. Til samanburðar hefði sams konar hækkun í árslok 2025 lækkað hreinar vaxtatekjur um 116 m.kr., eða 0,43% af eigin fé. Taflan hér að neðan sýnir áhrifin sundurliðuð eftir eignaflokkum og skuldaflokkum samkvæmt binditímanálgun. Greiningin nær bæði til eigna og skulda innan og utan veltubókar, þar sem áhrif utan veltubókar koma fram þegar vaxtatekjur og vaxtagjöld falla til. Vaxtaáættan stafar einkum af misræmi á lengd vaxtatímabila milli eigna og skulda.

	Samsíða hliðrun upp á vaxtaferli (punktar)	30.6.2026	31.12.2025
		Hagnaður (tap)	
ISK verðtryggt	100	(79)	(55)
ISK óverðtryggt	100	(40)	(61)
Erlendar myntir	100	0	0
Samtals		(119)	(116)

Verðbólguáhætta

Í lok tímabils átti Lánasjóðurinn verðtryggðar eignir umfram verðtryggðar skuldir að fjárhæð 13.882 m.kr. (2025: 16.874 m.kr.). Miðað við þessa stöðu myndi 1% breyting á vísitölu neysluverðs (VNV) hafa um 139 m.kr. áhrif á hagnað sjóðsins á ársgrundvelli; 1% hækkun myndi auka hagnað um 139 m.kr., en 1% lækkun myndi lækka hagnað um 139 m.kr.

Verðtryggingajöfnuður

	30.6.2026	31.12.2025
Verðtryggðar eignir	218.744	213.231
Verðtryggðar skuldir	204.476	196.357
Nettó verðtryggingajöfnuður	14.267	16.874

4.4 Gjaldmiðlaáhætta

Stefna Lánasjóðsins varðandi gjaldmiðlaáættu er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af reglum Seðlabanka Íslands og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan þeirra reglna, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

Næmigreining gjaldmiðla

Taflan að neðan sýnir áhrif næmigreiningar gjaldmiðlastöðu sjóðsins skipt niður á myntir og sýnir áhrifin á hagnað eða tap Lánasjóðsins sem orsakast af 10% veikingu íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum.

	Veiking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum	30.6.2026	31.12.2025
		Hagnaður (tap)	
EUR	10%	2	7
USD	10%	2	2
JPY	10%	1	2
CHF	10%	4	5
GBP	10%	0	1
Samtals		10	17

Lánasjóðurinn notaði eftirfarandi gengi erlendra gjaldmiðla fyrir reikningstímabilið sem þessi ársreikningur nær til:

	30.6.2026	31.12.2025	Breyting í %
EUR/ISK	144,00	147,20	(2,2%)
USD/ISK	126,38	125,20	0,9%
JPY/ISK	0,7780	0,8023	(3,0%)
CHF/ISK	156,11	158,40	(1,4%)
GBP/ISK	167,10	168,96	(1,1%)

4.4 Gjaldmiðlaáhætta, frh.

Gjaldeyriseignir og –skuldir 30.6.2026

	EUR	USD	Aðrar erl. myntir	Samtals
Útlán og kröfur á lánastofnanir	13	1	0	14
Útlán og kröfur á viðskiptavini	928	22	63	1.013
Afleiðusamningar	1.736			1.736
Fjáreignir samtals	2.677	23	63	2.763
Aðrar langtímalántökur	2.621			2.621
Fjárskuldir samtals	2.621	0	0	2.621
Nettó eignir - skuldir	56	23	63	142

Gjaldeyriseignir og –skuldir 31.12.2025

	EUR	USD	Aðrar erl. myntir	Samtals
Útlán og kröfur á lánastofnanir	26	1	0	27
